

Staðlað upplýsingaskjal um vátryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón á rafhjólinu við rafhjólreiðar.
- ✓ Skaðabætur ef þú, maki þinn eða börn yfir 12 ára aldri skapa sér bótaábyrgð samkvæmt íslenskum lögum við hjólreiðar.
- ✓ Slys sem þú, maki eða börn yfir 12 ára aldri verða fyrir á rafhjólinu.
- ✓ Læknisaðstoð og endurhæfing eftir rafhjólaskyld.
- ✓ Viðgerðir á tönnum sem brotna eða laskast.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Skemmdir vegna eðlilegrar notkunar, slits eða galla.
- ✗ Ef hjólið er skilið eftir ólæst á almannafæri er þjófnaður ekki bættur.
- ✗ Tjón á hjóli eða aukabúnaði sem þú ert með að láni eða í leigu.
- ✗ Meiðsli eða líkamstjón af völdum velknúins ökutækis.
- ✗ Slys og tjón ef átt hefur verið við hraðatakmarkun.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Tryggingin gildir ekki í keppnum eða æfingum fyrir keppni.
- ! Tjón sem rakin eru til þess að átt hefur verið við hraðatakmarkanir rafhjólsins eru ekki bætt.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Tryggingin gildir á Íslandi.



Hverjar eru mínar skyldur?

Gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að rafhjólið skemmist eða glatist.

Læsa rafhjólinu tryggilega þegar það er ekki í notkun og ekki skilja eftir aukabúnað á rafhjóli sem auðvelt er að fjarlægja.

Tilkynna TM tafarlaust um tjón og einnig skal tilkynna lögreglu um þjófnað.

Viðhalda rafhjólinu í góðu ástandi og gæta þess að stýrisbúnaður, hemla-, ljósa- og merkibúnaður og öryggis- og verndarbúnaður sé í lögmætu ástandi og virki örugglega.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkort.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.